

# Trausti Jónsson<sup>1</sup> og Haraldur Ólafsson<sup>2</sup>

1) Veðurstofu Íslands

2) Háskóla Íslands, Veðurstofu Íslands og Reiknistofu í veðurfræði

## Norðanóveður á Íslandi í nútíð og framtíð

Veðurmælingar á Íslandi sýna að norðanóveður eru hlutfallslega tíðari en sunnanóveður á kuldatímabilum. Þá eru norðanóveður tíðari en sunnanóveður á vorin. Ljóst er að hluti norðanóveðra tengist loftstíflu við austurströnd Grænlands norður af Íslandi og uppsöfnun kalds lofts á þeim slóðum. Kemur það heim og saman við fyrgreinda tíðni norðanóveðra á kuldatímabilum og vorin, en þá er hafís hvað útbreiddastur á þessum slóðum. Reikningar á þróun veðurfars fram eftir öldinni benda til að óveðrum af norðri muni fækka til muna á vorin, en síður á haustin. Kemur það heim og saman við ætlaða minnkun hafíss. Fyrirhugað er að kanna nánar uppruna norðanóveðra á Íslandi í tengslum við hið alþjóðlega heimskautaár.